# Lög fyrir Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps ~~27. maí 2013~~

1. gr.

Félagið heitir Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.
Félagsmenn geta þeir orðið, sem eiga réttindi yfir fasteignum í fyrrum Sléttu- og Grunnavíkurhreppi, það er jörðum, einstökum lóðum og húsum.

3. gr.
Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna varðandi réttindi þeirra í skipulagsmálum, umgengnismálum og hvers konar nýtingu, bæði til sjós og lands ofangreindum hreppum.

4. gr.
Félagsfundur er haldinn þegar stjórn ákveður að kalla þurfi félagsmenn saman milli aðalfunda. ~~hefur æðsta vald um málefni félagsins með þeim hætti, er lög þessi ákveða.~~ Stjórn ákveður fundarstað, sem ekki er bundinn við heimili félagsins. Félagsfund skal boða með a.m.k. 14 daga fyrirvara með rafpósti, bréfi, sms sendingu eða öðrum þeim aðferðum sem sannanlega komast til skila til viðkomandi félagsmanns á tilsettum tíma.

Félagsfundur er lögmætur, ef kvatt er til hans í samræmi við ákvæði laga þessara og fund sækja 1~~0~~5 félagsmenn hið fæsta og þar af meirihluti stjórnar. Nú verður fundur ólögmætur vegna annmarka um framangreind atriði, og skal þá kvatt til nýs fundar með 14 daga fyrirvara. Skal þess getið í fundarboði, að fundur þessi verði haldinn í stað fyrri fundar, er eigi varð lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur til ályktana um þau mál, er ræða átti á fyrri fundi, ef hann sækja minnst ~~5~~10 félagsmenn og þar af meirihluti stjórnar.

5. gr.
Aðalfundur er æðsta vald um málefni félagsins. Aðalfund skal boða með sama hætti og félagsfund, auk þess með auglýsingu í útvarpi.
Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí mánaðar ár hvert og skal dagskrá vera þessi:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar.
3. Lagabreytingar
4. Stjórnarkjör.
5. Kjör tveggja skoðunarmanna til 2ja ára í senn og tveggja til vara.
6. Tekin ákvörðun um árgjald til félagsins.
7. Önnur mál.

6. gr.
Aðalfundur er lögmætur séu 15 félagsmenn mættir og þar af meirihluti stjórnar. Verði aðalfundur ólögmætur vegna ónógrar þátttöku skal boða nýjan fund með 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur hóháð mætingu.
~~Aukafund skal halda, þegar stjórn félagsins telur það nauðsynlegt eða helmingur félagsmanna krefst þess enda sé fundarefni tilgreint. Skal félagsstjórn boða til fundarins innan viku frá því að krafa barst og hann haldinn eigi síðar en innan 4 vikna frá sama tíma. Nú hefur félagsstjórn eigi kvatt til fundar innan 14 daga frá því að krafa barst, og geta félagsmenn þá sjálfir annast kvaðningu.~~

~~7. gr.~~
~~Félagsstjórn kveður til félagsfunda a.m.k. 2 vikum fyrir fund með bréfi, og skal jafnan geta dagskrár í fundarboði. Einnig skal hún auglýsa aðalfund í hljóðvarpi og dagblaði tveimur dögum fyrir fund.~~

~~8. gr.~~7. gr.

Á ~~félagsfundi stjórnar~~ fundum félagsins skal kjörinn fundarstjóri, og kveður hann til fundarritara.

Fundarstjóri kannar í fundarbyrjun, hvort fundarboð og fundarsókn sé lögmæt og lýsir ~~því~~ hvort svo sé.

Fundarstjóri ákveður á hvern hátt atkvæðagreiðsla og önnur málsmeðferð fer fram. Hver einstakur fundarmanna getur ~~þá~~ krafist skriflegrar atkvæðagreiðslu um málefni.

~~9~~8. gr.
Í öllum málum hefur hver félagsmaður eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum, nema um lagabreytingar, sbr. 10. grein.

~~10~~9. gr.
Eigi er hægt að skuldbinda félagsmann til þess að leggja fram fé eða annað í félagsþarfir umfram árgjald hans.

~~Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 fundarmanna gjaldi breytingunni jákvæði.~~

~~11~~10.gr.
~~Ef félagsmaður vill fá tilkynningar og kvaðningar, er félagsstjórn sendir frá sér, þá skal hann tilkynna félagsstjórn heimilisfang sitt~~

Félagsmaður er ábyrgur fyrir að réttar upplýsingar séu aðgengilegar um heimilisfang, netfang og símanúmer til að fá tilkynningar frá félaginu..

~~12~~11. gr.
Fundargerðir skal rita í gerðabók, ~~og skulu þær lesnar upp og bornar undir atkvæði í fundarlok~~. Fundargerðir skal að minnst 13 dögum liðnum frá fundi birta á heimasíðu félagsins. Hafi ekki borist athugasemdir 14 dögum frá fyrsta birtingadegi skoðast þær samþykktar og síðan undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.

~~13~~12. gr.
Félagsstjórn skal skipuð ~~5~~ fimm félögum og ~~3~~ tveimur til vara~~, og skal hún kosin á aðalfundi til 2ja ára í senn. Að öðru jöfnu skulu 3 stjórnarmenn, formaður, gjaldkeri og ritari hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu, en varaformaður og meðstjórnandi á Ísafjarðarsvæðinu. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum~~.

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjósa skal formann og einn stjórnarmann á ári sem endar á oddatölu og þrjá stjórnarmenn, þ.e. varaformann og tvo aðra stjórnarmenn á ári sem endar á jafnri tölu. Kjósa skal einn varamann á hverju ári.

Ef stjórnarmaður lætur af störfum skal það stjórnarsæti fara til þess varamanns sem kosinn var á sama aðalfundi og viðkomandi stjórnarmaður. Ef engir varamenn eru, skal stjónin sjálf í sameiningu velja stjórnarmann. Stjórnarmaður valinn með þessum ætti skal sitja í stjórn það sem eftir lifir kjörtímabils þess stjórnarmanns sem lét af störfum.

Leitast skal við að stjórnarmenn séu frá mismunandi byggðasvæðum Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.

Stjórnin ræður ~~sjálf~~ fundarstað sínum.

Stjórnin ræður félagsmálum milli funda og skuldbindur félagið fyrir þess hönd.

Formaður kveður með hæfilegum fyrirvara til stjórnarfundar, er hann telur þess þörf, svo og eftir

kröfu eins ~~stjórnanda.~~stjórnarmanns. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnar er viðstödd.

~~Stjórnarmanni er ekki skylt að taka við endurkjöri í stjórn~~

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 2021 skal kjósa formann og stjórnarmann til tveggja ára auk varamanns. Varaformaður, tveir stjórnarmenn og varamaður skulu kosnir til eins árs.

13. gr.

Með aðalfundarboði skal koma fram hverjir gefi kost á sér til embættisverka fyrir félagið. Þeir sem gefa kost á sér skulu tilkynna stjórn þar um fyrir 15. apríl.

Þeir einir eru í kjöri á aðalfundi sem tilgreindir eru í aðalfundarboði.

14. gr.
Stjórnin skal ~~semja nákvæma~~halda skrá um félaga.

15. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður einungis tekin á aðalfundi félagsins og þarf samþykki ⅔ fundarmanna. Eignir félagsins við slit þess skulu renna til bygginga- og viðhaldssjóða átthagafélaga í Sléttu- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu með það að markmiði að viðhalda húsum, kirkjum og kirkjugörðum í þeirra eigu eða umsjá.

Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hluti fundarmanna gjaldi breytingunni jákvæði.

~~Reykjavík, 27. maí 2013~~